

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2001

frá 23. febrúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/3/EB frá 22. febrúar 1999 um gerð skrár í bandalaginu yfir matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 54w (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„54x. **399 L 0002:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun (Stjtið. EB L 66, 13.3.1999, bls. 16).

54y. **399 L 0003:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/3/EB frá 22. febrúar 1999 um gerð skrár í bandalaginu yfir matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun (Stjtið. EB L 66, 13.3.1999, bls. 24).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 66, 13.3.1999, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 66, 13.3.1999, bls. 24.

2. gr.

Texti tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB og 1999/3/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.